

Reglur um úthlutun listamannaíbúðar „Varmahlíðarhúsið“ í Hveragerði

1. grein

Úthlutunarnefnd skipa fjórir fulltrúar. Einn frá Samband íslenskra myndlistarmanna, einn frá Rithöfundarsambandi Íslands, einn frá Félagi íslenskra hljómlistarmanna og formaður míf nefndar Hveragerðis sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

2. grein

Húsinu er úthlutað einn mánuð í senn listamönnum að kostnaðarlausu.

Rithöfundum er úthlutað þremur mánuðum, myndlistarmönnum þremur mánuðum, tónlistarmönnum þremur mánuðum og Hveragerðisbær ráðstafar þremur mánuðum.

Hveragerðisbær áskilur sér rétt til að ráðstafa húsinu á annan hátt ef þess er þörf.

3. grein

Þeir sem hafa fengið úthlutað s.l. tvö ár hafa ekki forgang.

4. grein

Þeir sem úthlutun hljóta heimsæki skólana eða bókasafnið í Hveragerði með stutta kynningu um listsköpun sína og stuðli með þeim hætti að því að efla menningarhuga uppvaxandi kynslóðar í Hveragerði.

5. grein

Tillögur úthlutunarnefndar skulu kynntar í menningarmálanefnd Hveragerðis.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1.maí 2007.